

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 37/2010 um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu og blátunnu og miðast við stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>
240 l ílát	13.710 kr.	5.946 kr.
660 l ílát	39.560 kr.	18.203 kr.
1.100 l ílát	65.018 kr.	29.424 kr.

*Grátunna:* söfnun á 14 daga fresti.

*Blátunna:* söfnun á 42 daga fresti.

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald.*

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Bláskógabyggð, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs, annað en garðaúrgangur, timbur og spilliefni, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Íbúðarhúsnæði	17.744 kr.
Frístundahúsnæði	13.970 kr.
Lögbýli	10.870 kr.
Smærri fyrirtæki	16.184 kr.
Stærri fyrirtæki	16.184 kr.

#### 4. gr.

##### *Gjaldtaka á móttökustöð.*

Gjaldfrjálst verður á móttökustöð fyrir allt að 3 m<sup>3</sup> vikulega. Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð miðað við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m<sup>3</sup> 4.000 kr.

#### 5. gr.

##### *Gjaldtaka þjónustuverktaka.*

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingaverð skal aldrei vera hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 6. desember 2012 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 19. desember 2012. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 110/2012 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

*Bláskógabyggð, 20. desember 2012.*

**Valtýr Valtýsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2013